



HRUNAMANNAHREPPUR

**31. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILID 2010 – 2014 10. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. OKTÓBER 2012
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2012, þann 4. október 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Löggæslumál á Suðurlandi.
2. Þjónusta verslunarinnar Strax á Flúðum.
3. SASS: Rekstur almenningssamgangna á Suðurlandi.
4. Brunavarnir Árnassýslu.
5. SASS: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
6. Innanríkisráðuneytið: Fyrirspurn um málstefnu sveitarfélaga.
7. Velferðanefnd Alþingis: Beiðni um umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga.
8. Velferðanefnd Alþingis: Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um málefni innflytjenda.
9. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Beiðni um umsögn um frumvarp til náttúruverndarlaga.
10. Velferðarráðuneytið: Beiðni um umsögn um drög að heilbrigðisáætlun.
11. Skipulagsstofnun: Beiðni um umsögn um tillögu að landskipulagsstefnu 2013-2024.
12. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kosningar. -aðstoð við atkvæðagreiðslu-
13. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Beiðnu um umsögn vegna rammaáætlunar.
14. Refa- og minkaveiðar. Upplýsingar.
15. Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögu stjórnlagaráðs þann 20. okt. n.k.
16. Urtusteinn fasteignafélag. Umferðarmál við verslunina Grund.
17. Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið: Breytingar á reglugerð vegna laugargæslu.
18. Erindi frá starfsmönnum leikskólans Undralands.
19. Framtíð skólamála. Flúðaskóli.
20. Framtíð skólamála. Leikskólinn Undraland.
21. Vistun 12 mánaða barna í Leikskólanum Undralandi.
22. Minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. Fræðslunefnd: Fundargerð 18. fundar vegna Flúðaskóla frá 26. september s.l.
24. Fræðslunefnd: Fundargerð 15. fundar vegna Undralands frá 26. september s.l.
25. Veitustjórn, 21. fundur veitustjórnar frá 24. september s.l.
26. Velferðanefnd Árnassýslu: Fundargerð 9. fundar velferðarnefndar frá 9. maí 2012.
27. Velferðanefnd Árnassýslu: Fundargerð 10. fundar velferðarnefndar frá 5. september 2012.
28. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 15. fundar frá 3. september s.l.
-liggur frammi á fundinum-
29. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 16. fundar frá 1. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

30. 51. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 20. september, 85. og 86. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 29. ágúst og 19. september s.l.
31. NOS: Fundargerð NOS frá 18. september s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 309. fundar stjórnar frá 5. september.
- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 310. fundar stjórnar frá 10. september.
- c. SASS: Fundargerð 458. fundur stjórnar SASS frá 14. september.
- d. SASS: Fundargerð 459. fundur stjórnar SASS frá 21. september.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 141. stjórnarfundar frá 13. september.
- f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 143. fundar Heilbrigðisnefndar frá 31. ágúst 2012.
- g. Stjórn Þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi: Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 14. september s.l.
- h. Stjórn Þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi: Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 21. september s.l.
- i. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 220. fundar stjórnar frá 21. september s.l.

Kynningarmál:

- j. Rúv: Svar við erindi er tengdist uppsögn fréttaritarar Rúv á Suðurlandi.
- k. Upplýsingar frá Þjónusturáði um rekstur vegna málaflokks fatlaðra.
- l. Veraldarvinir: Sjálfboðaliðar 2013.
- m. Brunabótafélag Íslands: Ágóðahlutagreiðsla 2012.
- n. OpenStreetMap.
- o. Jöfnunarsjóður: Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2012.
- p. Loftmyndir: Kynning á þjónustu.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 799. fundar frá 7. september.
- r. Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla apríl – september 2012.
- s. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Ungt fólk 1992 til 2012 – æskulýðsrannsóknir í 20 ár.

Fundir framundan:

- t. Fundur með fjárlaganefnd Alþingis 8. október.
- u. Ársþing SASS: 18.-19. október.
- v. Haustfundur Héraðsnefndar Árnassýslu 24. október.
- w. Markaðsstofa Suðurlands: Uppskeruhátíð á Hótel Selfossi 16. nóvember.

Skýrslur á skrifstofu:

- x. Markaskrá Árnassýslu 2012
- y. Skýrsla um fasteignamat 2013.
- z. Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Löggæslumál á Suðurlandi.

Oddviti kynnti ályktun frá Lögreglufélagi Suðurlands um ástand löggæslumála á Suðurlandi. Hreppsnefnd tekur undir ályktunina og lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna stöðu löggæslumála í Árnassýslu og skorar á þingmenn og ráðherra að stuðla að úrbótum í málaflokknum eins fljótt og auðið er. Löggæslusvæðið er um 9 þúsund ferkílómetrar og íbúar Árnassýslu eru u.þ.b. 15 þúsund en á sumrin margfaldast fólksfjöldinn á svæðinu. Niðurskurður á fjárveitingum til löggæslumála undanfarin ár hefur leitt til þess að lögreglumönnum hefur stórfækkað og undirmönnun á vöktum veldur því að forgangsraða þarf brýnum verkefnum. Lögreglumenn starfa undir gríðarlegu álagi og ná vart að sinna aðkallandi verkefnum. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps krefst þess að öryggi íbúanna verði tryggt með auknu fjármagni til löggæslumála þannig að lögreglan nái að sinna lögbundnu hlutverki sínu áður en illa fer.

2. Þjónusta verslunarinnar Strax á Flúðum.

Oddviti fór yfir þjónustu verslunarinnar Strax á Flúðum við íbúa Hrunamannahrepps. Mikið hefur borið á kvörtunum vegna opnunartíma og verðlagningar verslunarinnar. Hreppsnefnd vill beina því til forsvarsmanna verslunarinnar Strax á Flúðum að lengja opnunartíma verslunarinnar yfir vetrartímann og lækka vöruverð.

3. **SASS: Rekstur almenningssamgangna á Suðurlandi.**
Oddviti kynnti bréf frá SASS þar sem fjallað er um rekstur almenningssamgangna á Suðurlandi og einnig tillögur um akstursáætlun fyrir næsta ár. Hreppsnefnd fagnar því að reksturinn er í nokkuð góðu jafnvægi og að leiðarkerfi Strætó gerir ráð fyrir reglulegum ferðum frá Flúðum alla daga vikunnar. Hreppsnefnd vill hvetja íbúa til að nýta sér almenningssamgöngur.
4. **Brunavarnir Árnassýslu.**
Oddviti lagði fram drög að nýjum samþykktum fyrir Brunavarnir Árnassýslu, drög að leigusamningi BÁ vegna slökkvistöðvarinnar á Flúðum og minnisblað frá BÁ. Hreppsnefnd samþykkir að Hrunamannahreppur verði aðili að Brunavörnum Árnassýslu frá og með 1. janúar 2013 og felur Ragnari Magnússyni, oddvita að undirrita öll nauðsynleg skjöl þar að lútandi. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að styrkja Brunavarnir Árnassýslu sérstaklega við inngöngu um kr. 1.000.000 sem rennur til aðstöðuuppbyggingar fyrir slökkviliðsmenn í slökkvistöðinni á Flúðum. Hreppsnefnd þakkar slökkviliðsmönnum Hrunamannahrepps fyrir góð og óeigingjörn störf fyrir sveitarfélagið á liðnum árum og hvetur þá til áframhaldandi starfa að brunavörnum hjá BÁ.
5. **SASS: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.**
Ársþing SASS verður haldið á Hellu 18.-19. október n.k. Hreppsnefnd samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson en til vara Unnsteinn Eggertsson og Esther Guðjónsdóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri og til vara Ragnar Magnússon.
6. **Innanríkisráðuneytið: Fyrirspurn um málstefnu sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá Innanríkisráðuneytinu um málstefnu sveitarfélagsins. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna að málstefnu fyrir sveitarfélagið.
7. **Velferðanefnd Alþingis: Beiðni um umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðanefnd Alþingis um frumvarp til laga um barnaverndarlög. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til Velferðarnefndar Árnassýslu.
8. **Velferðanefnd Alþingis: Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um málefni innflytjenda.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðanefnd Alþingis um frumvarp til laga um málefni innflytjenda. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.
9. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Beiðni um umsögn um frumvarp til náttúruverndarlaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um frumvarp til laga um náttúruvernd og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Hreppsnefnd telur ótækt að leggja frumvarpið fram í núverandi mynd sem myndi skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna til muna og tekur undir allar athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga.
10. **Velferðarráðuneytið: Beiðni um umsögn um drög að heilbrigðisáætlun.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarráðuneytinu um drög að heilbrigðisáætlun til ársins 2020. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir.
11. **Skipulagsstofnun: Beiðni um umsögn um tillögu að landskipulagsstefnu 2013-2024.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun um tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024 og umhverfisskýrslu. Hreppsnefnd vísar málinu til byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Uppsveita og Flóa.
12. **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kosningar. -aðstoð við atkvæðagreiðslu-**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis og kosningar til sveitastjórna sem varðar aðstoð við atkvæðagreiðslu. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

13. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Beiðni um umsögn vegna rammaáætlunar.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um vernd og orkunýtingu landsvæða. Hreppsnefnd ítrekar fyrri athugasemdir sínar við fyrirbyggjandi rammaáætlun.
14. **Refa- og minkaveiðar. Upplýsingar.**
Oddviti kynnti skýrslur frá ráðnum veiðimönnum sveitarfélagsins vegna refaveiði 2011-2012.
15. **Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögu stjórnlagaráðs þann 20. okt. n.k.**
Oddviti fór yfir tilkynningu vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna en kosningarnar fara fram þann 20. október n.k. Hreppsnefnd ákveður að kjörstaður verði í félagsheimilinu á Flúðum eins og verið hefur og felur sveitarstjóra að árita kjörskrá.
16. **Urtusteinn fasteignafélag. Umferðarmál við verslunina Grund.**
Oddviti kynnti bréf frá Urtustein fasteignafélagi sem er eigandi fasteignarinnar Grundar þar sem verslunin Strax er til húsa á Flúðum. Vilja þeir koma á framfæri ábendingum og aðfinnslum viðskiptavina Samkaupa Strax vegna hættu við gangbraut við verslunina. Hreppsnefnd tekur undir áhyggjur varðandi umferðaröryggi á umræddum gatnamótum á Flúðum en þessi vegur og gatnamót eru á forræði Vegagerðarinnar. Hreppsnefnd mun halda áfram þeirri vinnu sem lagt hefur verið í með Vegagerðinni.
17. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Breytingar á reglugerð vegna laugargæslu.**
Oddviti kynnti bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um breytingar á reglugerð vegna laugargæslu. Hreppsnefnd fagnar því að skynsamleg niðurstaða skuli fengin í málið.
18. **Erindi frá starfsmönnum leikskólans Undralands.**
Oddviti kynnti erindi frá starfsmönnum leikskólans Undralands vegna fatapeninga. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og leikskólastjóra að fara yfir málið.
19. **Framtíð skólamála. Flúðaskóli.**
Oddviti kynnti feril málsins vegna ákvörðunar um framtíð skólamála í Hrunamannahreppi. Fyrir liggur skýrsla Óskars Sandholt um málið og niðurstöðu fræslunefndar um málefni Flúðaskóla. Hreppsnefnd samþykkir að skipulag skólamála verði með þeim hætti að grunnskólinn verði áfram sjálfstæð eining. Stjórnun Flúðaskóla verði óbreytt þannig að þar verði bæði starfandi skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.
20. **Framtíð skólamála. Leikskólinn Undraland.**
Oddviti kynnti feril málsins vegna ákvörðunar um framtíð skólamála í Hrunamannahreppi. Fyrir liggur skýrsla Óskars Sandholt um málið og niðurstaða fræslunefndar um málefni Leikskólans Undralands. Hreppsnefnd samþykkir að skipulag skólamála verði með þeim hætti að leikskólinn verði áfram sjálfstæð eining. Stjórnun Leikskólans Undralands breytist þannig að staða aðstoðarleikskólastjóra verði lögð niður en í staðinn ráðinn deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra. Sveitarstjóra verði falið að útbúa samkomulag við aðstoðarleikskólastjóra vegna breytinganna. Eydís Helgadóttir leiksskólastjóri hefur óskað eftir því að láta af störfum í samkomulagi við sveitarfélagið. Sveitarstjóra er falið að ganga frá starfslokum við leikskólastjóra. Hreppsnefnd vill í þessu sambandi þakka Eydís fyrir góð störf fyrir sveitarfélagið og óska henni velfarnaðar. Sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar verði síðan falið að auglýsa eftir nýjum leikskólastjóra og undirbúa ráðningarferli en áætlað er að nýr leiksskólastjóri taki til starfa um næstu áramót. Unnsteinn víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
21. **Vistun 12 mánaða barna í Leikskólanum Undralandi.**
Oddviti kynnti skýrslu leikskólastjóra um áhrif þess að vistunarreglum í Leikskólanum Undralandi verði breytt þannig að heimilt sé að taka til vistunar 12 mánaða börn um næstu áramót. Hreppsnefnd samþykkir að breyta undanþágureglum þannig að foreldrum sé heimilt að sækja um vistun 12 mánaða barna í stað 16 mánaða eins og verið hefur. Taka þarf tillit til þessa vegna fjárhagáætlunar 2013. Unnsteinn víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

22. **Minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf.**

Oddviti kynnti tillögur núverandi eigenda safnsins um framtíð þess og drög að samkomulagi frá Byggðasafni Árnessinga. Þá liggur einnig fyrir umsögn ferða- og menningarmálanefndar um málið. Hreppsnefnd telur að eðlilegt sé að safnið verði hluti af Byggðasafni Árnessinga og felur oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að málinu. Esther situr hjá við meðferð og afgreiðslu málsins.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. **Fræðslunefnd: Fundargerð 18. fundar vegna Flúðaskóla frá 26. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, fyrirkomulag skólamála í Hrunamannahreppi rædd, skólanámskrá lögð fram til kynningar og önnur mál rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

24. **Fræðslunefnd: Fundargerð 15. fundar vegna Undralands frá 26. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar fræðslunefndar vegna Undralands. Þar var farið yfir skýrslu leikskólustjóra, fyrirkomulag skólamála í Hrunamannahrepp rædd, tekin fyrir starfslok leiksskólustjóra og ákveðið að auglýsa eftir nýjum leikskólustjóra. Samþykkt að mæla með að reglum verði breytt þannig að undanþáguákvæði verði rýmkað úr 16 mánaða í 12 mánaða gömul börn. Þá sækir Halldóra Halldórsdóttir starfandi leikskólustjóri um launalaust leyfi í 11 mánuði frá og með 1. febrúar 2013. Þá var fjallað um önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina. Unnsteinn vikur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

25. **Veitustjórn, 21. fundur veitustjórnar frá 24. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar veitustjórnar en þar var fjallað um greinagerð um möguleika uppbyggingu á kaldvatnstönkum þar sem veitustjóra var falið að undirbúa byggingu vatnstanks í Berghylsfjalli. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

26. **Velferðanefnd Árnespings: Fundargerð 9. fundar velferðarnefndar frá 9. maí 2012.**

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og kynntur fjöldi einstaklinga á atvinnuleysissskrá og fjárhagsaðstoð í mars 2012. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

27. **Velferðanefnd Árnespings: Fundargerð 10. fundar velferðarnefndar frá 5. september 2012.**

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar Velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, lögð fram ársskýrsla Velferðarnefndar 2011, lögð fram stöðuskýrsla um helstu málaflokka Velferðarnefndar 2011. Lagðar fram tölur frá vinnumálastofnun um fjölda atvinnuleitenda í sveitarfélögunum, erindi frá Jafnréttistofu, landsfundur jafnréttisnefnda kynntur og umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsi tekin fyrir. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og þakkar fyrir góða ársskýrslu.

28. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 15. fundar frá 3. september s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 15. fundar Ferða- og menningarnefndar frá 3. sept. Farið var yfir Uppskeruhátíð 2012, Byggðasafnið í Gröf, fyrirhuguð hækkun á VSK í ferðapjónustu, gönguferðir sumarsins, uppsögn fréttaritara RÚV á Suðurlandi og umgengismál á ferðamannastöðum rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

29. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 16. fundar frá 1. október s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 16. fundar Ferða- og menningarnefndar frá 1. okt. s.l. Farið var yfir málefni Byggðasafnsins í Gröf, opnunartíma hjá þjónustuaðilum og Uppskeruhátíðin rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

30. **51. fundur Skipulags- og bygginganefndar frá 20. september, 85. og 86. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 29. ágúst og 19. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 51. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 20. sept. s.l. Þar var fjallað um tvö mál frá Hrunamannahreppi og eitt sameiginlegt. Farið var yfir mál nr. 4, þar sem sótt er um að byggja bílageymslu í Hvammi 2a

og málinu vísað til afgreiðslu byggingafulltrúa. Mál nr. 5 þar sem er sótt er um að byggja við gróðurhús á tvo vegu á Melum á Flúðum og er mælt með að byggingafulltrúi samþykki byggingarleyfið. Mál nr. 3, fundargerðir 85. afgreiðslufundar og fundargerð 85. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa þar sem 3 mál voru tekin fyrir sem tengdust Hrunamannahrepp. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina að öðru leyti.

31. NOS: Fundargerð NOS frá 18. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Nos (nefnd oddvita eða sveitarstjóra) frá 18. september s.l. þar var fjallað um erindi sveitarfélagsins Árborgar vegna hugmynda um að setja húsnæði VISS og skammtímvistunar í byggðasamlag. Farið var yfir stöðuskýrslu velferðamála og önnur mál rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 309. fundar stjórnar frá 5. september.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 310. fundar stjórnar frá 10. september.** Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 458. fundur stjórnar SASS frá 14. september.** Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Fundargerð 459. fundur stjórnar SASS frá 21. september.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 141. stjórnarfundar frá 13. september.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 143. fundur Heilbrigðisnefndar frá 31. ágúst 2012.** Lagt fram til kynningar
- g. **Stjórn Þjónustusvæðis málefna fatlaða á Suðurlandi: Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 14. september s.l.** Lagt fram til kynningar
- h. **Stjórn Þjónustusvæðis málefna fatlaða á Suðurlandi: Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 21. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 220. fundar stjórnar frá 21. september s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- j. **Rúv: Svar við erindi er tengdist uppsögn fréttaritara Rúv á Suðurlandi.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Upplýsingar frá Þjónusturáði um rekstur vegna málaflokks fatlaðra.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Veraldarvinir: Sjálfbóðaliðar 2013.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Brunabótafélag Íslands: Ágóðahlutagreiðsla 2012.** Lagt fram til kynningar.
- n. **OpenStreetMap.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Jöfnunarsjóður: Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2012.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Loftmyndir: Kynning á þjónustu.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 799. fundar frá 7. september.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla apríl – september 2012.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Ungt fólk 1992 til 2012 – æskulýðsrannsóknir í 20 ár.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- t. **Fundur með fjárlaganefnd Alþingis 8. október.**
- u. **Árþing SASS: 18.-19. október.**
- v. **Haustfundur Héraðsnefndar Árnassýslu 24. október.**
- w. **Markaðsstofa Suðurlands: Uppskeruhátíð á Hótel Selfossi 16. nóvember.**

Skýrslur á skrifstofu:

- x. **Markaskrá Árnassýslu 2012**
- y. **Skýrsla um fasteignamat 2013.**
- z. **Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:55.